

# Lýsigögn:

## Fjöldi gististaða, gesta og gistinguáttanna

---

### 0. Skráningaratriði fyrir viðfangsefni

#### 0.1 Heiti

Fjöldi gististaða, gesta og gistinguáttanna

#### 0.2 Efnisflokkur

Ferðamál, samgöngur og upplýsingatækni

#### 0.3 Umsjón; stofnun, deild, sérfræðingur o.s.frv.

Hjörvar Pétursson  
Fyrirtækjatölfræði  
Hagstofa Íslands  
gistiskyrslur@hagstofa.is  
sími 528 1263

Svanhvít Eggertsdóttir  
Fyrirtækjatölfræði  
Hagstofa Íslands  
gistiskyrslur@hagstofa.is  
sími 528 1279

#### 0.4 Tilgangur og aðdragandi

Hagstofan hóf reglubundna söfnun upplýsinga um framboð á gistinguáttum og fjölda gistinguáttanna í júní 1984. Söfnunin tekur til allrar seldrar gistinguáttanna að orlofshúsum félagsamtaka undanskildum. Árið 1995 var byrjað að afla upplýsinga um gestafjölda auk gistinguáttanna í því skyni að kanna meðallengd dvalar á gististað.

Tölfræðin er unnin eftir forskrift í reglugerð Evrópusambandsins nr.692/2011 um ferðapjónustu.  
<http://eur-lex.europa.eu/LexUriServ/LexUriServ.do?uri=OJ:L:2011:192:0017:0032:EN:PDF>

## 0.5 Notendur og notkunarvið

Allir þeir sem á einhvern hátt tengjast ferðaþjónustunni eða áhuga hafa á málefnum. Niðurstöðurnar eru m.a. notaðar:

- við skipulagningu á einstökum ferðaþjónustusvæðum
- við skipulagningu í sveitarfélögum
- við markaðsrannsóknir
- við útreikninga á tekjum af ferðaþjónustu

## 0.6 Heimildir

Upplýsingar um starfandi gistaði eru fengnar m.a. frá sýslumannsembættum, af bókunarsíðum og úr hinum ýmsu auglýsingabæklingum frá ferðaþjónustuaðilum. Öllum þeim er selja gistaþjónustu ber skylda til að senda gistaýrslur mánaðarlega til Hagstofunnar. Á skýrslunum koma fram upplýsingar um gistaþjónu og fjölda gistaða og gestakoma í mánuðinum.

## 0.7 Lagalegur grundvöllur fyrir hagskýrslugerð

Lög um Hagstofu Íslands nr. 163/2007.

<http://www.althingi.is/lagas/nuna/2007163.html>

Réttur Hagstofu til að krefja seljendur gistaþjónustu upplýsinga er byggður á 19. gr. laga um veitinga- og gistaði nr. 85/2007. Þar segir: Rekstraraðilar, er undir þessi lög falla, skulu veita stjórnvöldum upplýsingar skv. nánari fyrirmælum Hagstofu Íslands eða viðkomandi stjórnvalds. Slíkar upplýsingar skulu einungis notaðar til könnunar og skipulagningar á ferðaþjónustunni almennt og/eða rekstri veitinga- og gistaða sérstaklega sem atvinnugreinar.

Reglugerð Evrópusambandsins nr.692/2011 um ferðaþjónustu. [http://eur-](http://eur-lex.europa.eu/LexUriServ/LexUriServ.do?uri=OJ:L:2011:192:0017:0032:EN:PDF)

[lex.europa.eu/LexUriServ/LexUriServ.do?uri=OJ:L:2011:192:0017:0032:EN:PDF](http://eur-lex.europa.eu/LexUriServ/LexUriServ.do?uri=OJ:L:2011:192:0017:0032:EN:PDF)

## 0.8 Svarbyrði við innsöfnun

Allir þeir sem selja gistingu skulu færa gistikýrslur mánaðarlega. Á skýrslurnar skal færa upplýsingar um:

- fjölda gesta og gistingu sundurliðaðar eftir þjóðerni gesta
- fjölda útleigðra herbergja
- fjölda herbergja og rúma sem standa til boða
- Opnunartíma gistaðarinnar

## 0.9 Ákvæði vegna EES og ESB

Framkvæmd gistinguatalningarinnar er í samræmi við aðferðir þær sem koma fram í tilskipun ráðs ESB um framkvæmd gistinguatalninga.

# 1. Efni

## 1.1 Efnislýsing

Gistinguatalningin gefur nákvæmar og sundurgreindar upplýsingar um gistingu og nýtingu þess, gestakomur og gistingu á gistað. Eftirtalin atriði má sjá í gistikýrslum:

- fjöldi gistingu eftir tegund gistingu, landsvæðum og þjóðerni gesta
- fjöldi gestakoma eftir tegund gistingu, landsvæðum og þjóðerni gesta
- nýting herbergja og rúma á hótélum eftir landsvæðum

## 1.2 Tölfræðileg hugtök

**Gestakomur:** Hver gestur sem kemur til þess að gista er talinn sem gestkomandi þegar hann kemur og aðeins þá.

**Gistingu:** Hver gestur sem gistir er talinn hverja einustu nótt sem hann er á staðnum.

**Útleigð herbergi:** Samanlagður fjöldi herbergja sem eru leigð út dag hvern í mánuðinum.

**Gistingu:** Fjöldi herbergja og rúma sem standa til boða.

**Nýting gistingu:** Hve stórt hlutfall gistingu hefur verið nýtt með tilliti til framboðs á gistingu og fjölda daga í mánuðinum sem hver gistaður er starfandi.

Hér að neðan má sjá landsvæðaskiptingu sem unnið er út frá:

Landsvæði:	Sveitarfélög:
Höfuðborgarsvæði	Reykjavík, Kópavogur, Seltjarnarnes, Garðabær, Hafnarfjörður, Mosfellsbær og Kjósarhreppur
Suðurnes	Reykjanesbær, Grindavík, Sandgerði, Garður og Vogar
Vesturland	Akranes, Skorradalshreppur, Hvalfjarðarsveit, Borgarbyggð, Grundarfjörður, Helgafellssveit, Stykkishólmur, Eyja- og Miklaholtshreppur, Snæfellsbær og Dalabyggð
Vestfirðir	Bolungarvík, Ísafjarðarbær, Reykhólahreppur, Tálknafjörður, Vesturbyggð, Súðavík, Árneshreppur, Kaldrananeshreppur og Strandabyggð
Norðurland vestra	Skagafjörður, Húnaþing vestra, Blönduós bær, Skagaströnd, Skagabyggð, Húnavatnshreppur og Akrahreppur
Norðurland eystra	Akureyri, Norðurþing, Fjallabyggð, Dalvík, Eyjafjarðarsveit, Hörgársveit, Svalbarðsstrandarhreppur, Grýtubakkahreppur, Skútustaðahreppur, Tjörneshreppur, Þingeyjarsveit, Svalbarðshreppur og Langanesbyggð
Austurland	Seyðisfjarðarkaupstaður, Fjarðabyggð, Vopnafjarðarhreppur, Fljótsdalshreppur, Borgarfjarðarhreppur, Breiðdalshreppur, Djúpavogshreppur og Fljótsdalshérað
Suðurland	Hornafjörður, Vestmannaeyjabær, Árborg, Mýrdalshreppur, Skaftárhreppur, Ásahreppur, Rangárþing eystra, Rangárþing ytra, Hrunamannahreppur,

Hér að neðan má sjá sveitarfélagaskiptingu sem unnið er út frá í árlegri töflu yfir gistinætur sveitarfélaga.

Heiti:	Sveitarfélagsnúmer:	Athugasemdir:
Reykjavík, mið- og vesturbær	0000	Póstnúmer 101 og 107
Reykjavík, Hlíðar	0000	Póstnúmer 105
Reykjavík, annað	0000	Póstnúmer 101, 105 og 107 undanskilin
Höfuðborgarsvæðið, annað	1000, 1100, 1300, 1400, 1604 og 1606	Kópavogur, Seltjarnarnes, Garðabær, Hafnarfjörður, Mosfellsbær og Kjósarhreppur
Reykjanesbær	2000	
Suðurnes, annað	2300, 2503, 2504 og 2506	Grindavík, Sandgerði, Garður og Vogar
Borgarbyggð	3609	
Snæfellsnes	3714, 3709, 3710 og 3711	Snæfellsbær, Stykkishólmur, Helgafellssveit og Grundarfjörður
Vesturland, annað	3000, 3506, 3511, 3713 og 3811	Akranes, Skorradalshreppur, Hvalfjarðarsveit, Eyja- og Miklaholtshreppur, og Dalabyggð
Ísafjarðarbær	4200	
Vestfirðir, annað	4100, 4502, 4604, 4607, 4803, 4901, 4902 og 4911	Bolungarvík, Reykhólahreppur, Tálknafjörður, Vesturbyggð, Súðavík, Árneshreppur, Kaldrananeshreppur og Strandabyggð
Húnaþing	5508, 5604, 5609, 5611 og 5612	Húnaþing vestra, Blönduós, Skagaströnd, Skagabyggð og Húnavatnshreppur
Skagafjörður	5200 og 5706	Sveitarfélagið Skagafjörður og Akrahreppur
Akureyri	6000	

Eyjafjörður, annað	6250, 6400, 6513, 6515, 6601 og 6602	Fjallabyggð, Dalvík, Eyjafjarðarsveit, Hörgársveit, Svalbarðsströnd og Grýtubakkahreppur
Suðurþing	6607 og 6612	Þingeyjarsveit og Skútustaðahreppur
Norðurþing	6100, 6611, 6706 og 6709	Norðurþing, Tjörneshreppur, Svalbaqrðshreppur og Langanesbyggð
Fljótshérað	7620	
Austurland, annað	7000, 7300, 7502, 7505, 7509, 7613 og 7617	Seyðisfjörður, Fjarðabyggð, Vopnafjörður, Fljótshreppur, Borgarfjarðarhreppur, Breiðdalshreppur og Djúpvogur
Hornafjörður	7708	
Vestmannaeyjar	8000	
Árborg	8200	
Skaftárhreppur	8509	
Rangárþing eystra	8613	
Rangárþing ytra	8614	
Hveragerði	8716	
Grímsnes- og Grafningshreppur	8719	
Bláskógabyggð	8721	
Suðurland, annað	8508, 8610, 8710, 8717, 8720 og 8722	Mýrdalshreppur, Ásahreppur, Hrunamannahreppur, Ölfus, Skeiða- og Gnúpverjahreppur, og Flóahreppur

## 2. Tími

### 2.1 Viðmiðunartími talnaefnis

Gögnum er safnað fyrir hvern mánuð og er innsöfnunin stöðugt í gangi.

### 2.2 Vinnslutími

Vinna við gistináttatalninguna er stöðugt í gangi.

### 2.3 Stundvísi birtingar

Bráðabirgðatölur fyrir hótél eru á birtingaráætlun Hagstofunnar. Stundvísi birtingar ræðst þó af samvirkusemi seljenda gistiþjónustu. Birting kann að dragast á langinn ef skýrslur berast seint.

### 2.4 Tíðni birtinga

Mánaðarlega eru birtar tölur um gistinætur á hótélum. Það eru bráðabirgðatölur sem birtar eru 4-5 vikum eftir að viðmiðunarmánuðinum lýkur.

Árlega eru birtar niðurstöður um gistinætur og gestakomur á öllum tegundum gistinga.

Niðurstöðurnar eru birtar á vef Hagstofunnar, um fjórum mánuðum eftir að viðmiðunarári lýkur.

## 3. Áreiðanleiki og öryggismörk

### 3.1 Nákvæmni gagna og áreiðanleiki

Nákvæmni gagnanna og áreiðanleiki ræðst af því hve margir skila skýrslum og hve vandað er til verka við gerð þeirra. Því má segja að þeir sem helst nota niðurstöðurnar, þ.e. eigendur gistaða, ráði mestu um gæði og áreiðanleika þar sem þeir útbúa gögnin sem byggt er á.

Gistirými er þekkt hjá allflestum hótélum, gistiheimilum, orlofshúsabyggðum og farfuglaheimilum.

Skýrsluskil frá hótélum, gistiheimilum, farfuglaheimilum og orlofshúsabyggðum hafa verið góð.

Heimtur sem reiknað hlutfall af gistirými hafa verið um og yfir 85% á mánuði. Gistiskýrslur berast reglulega frá stærstu og fjölsóttustu tjaldsvæðunum og heimtur skýrslna frá heimagististöðum hafa verið viðunandi. Áætlað er á þá staði sem ekki skila skýrslum. Þær áætlanir byggja helst á gögnum annarra sambærilegra gistaða á sama landsvæði.

## 3.2 Skekkjuvaldar í gögnum

Skekkjuvaldar í gögnum geta verið af ýmsum toga, nefna má:

- skýrslur ranglega færðar
- upplýsingar vantar og þá þarf að áætla gildi.
- úrvinnsluskekkjur s.s skráningarskekkjur og skekkjur við flokkun gistaða.
- gistirými ekki á skrá hjá Hagstofunni

**Skýrslur eru ranglega útfylltar.** Í þeim tilfellum er yfirleitt hringt í þann sem færði skýrsluna og hann beðinn nánari skýringu eða að senda skýrsluna aftur leiðréttu.

**Upplýsingar vantar.** Eigendur gistaða neita eða gleyma að senda inn gistiskýrslur. Reglulega eru sendar út áminningar með tölvupósti til þeirra sem ekki skila skýrslum á réttum tíma. Einnig er hringt ef áminningin ber ekki árangur. Ef ekki gengur að afla upplýsinga hjá gistaðnum sjálfum er haft samband við ferðamálafulltrúa, starfsmenn sveitarfélaga eða aðra sem gætu þekkt til í því skyni að fá einhverja hugmynd um umfang gistingar á gistaðnum. Síðan er áætlað á þá gistaði sem ekki skila skýrslum.

**Úrvinnsluskekkjur.** Innsláttarvillur, þ.e. tölur gætu verið ranglega færðar í gagnagrunn. Reynt er að koma í veg fyrir villur og leiðréttu með villuprófunum.

**Gistirými ekki á skrá hjá Hagstofunni.** Gistirými skráð á Airbnb og aðrar sambærilegar vefsíður er að stórum hluta ekki með í talningu Hagstofunnar vegna þess að upplýsingum um leigusala er ábótavant. Stærri gistaðir sem skráðir eru á þessar síður eru þó í mörgum tilvikum meðtaldir í tölum Hagstofunnar.

Árið 2016 birti Hagstofa Íslands í fyrsta skipti áætlun fyrir óskráðar gistaðir sem byggir á tiltækum upplýsingum frá tveimur vefsköfunaraðilum, <http://tomslee.net/> og <http://airdna.co>, auðgað með gögnum úr gistaðtagrunni Hagstofunnar. Þær tölur eru aðgengilegar í sér veftöflu á vef Hagstofunnar .

Áætla má að árið 2016 hafi tæplega 3600 herbergi/íbúðir verið reglulega til leigu í gegnum vefsíðu Airbnb, þar af um 2000 á höfuðborgarsvæðinu. Ljóst er að framboð gistirýmis er ekki stöðugt yfir árið og því er erfitt að áætla nákvæmt framboð og nýtingu gistirýmis. Ef miðað við gögn frá Airdna.co eru flestar eignir í útleigu 1-3 mánuði (38%) á ári en færstar (15%) í útleigu 10-12 mánuði á ári.

Frá og með árinu 2017 byggir áætlun á fjölda gistaða erlendra ferðamanna á gistaðum sem leigja út gistirými í gegnum AirBnB og svipaðar síður byggir á talningum úr Landamærarannsókn (Border Survey), sem framkvæmd er fyrir Hagstofu Íslands meðal flugfarþega í Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Eingöngu er byggt á svörum einstaklinga sem komu til landsins sem ferðamenn eða í styttri viðskiptaerindum. Svör eru vigtuð eftir þjóðerni einstaklinga. Fjöldi gistaða er áætlaður út frá hlutfallinu í hverjum mánuði milli fjölda þeirra gistaða sem svarendur segjast hafa eytt á gistaðum sem leigja út gistirými í gegnum AirBnB og svipaðar síður annars vegar og fjölda gistaða á hótélum og gistiheimilum hins vegar. Sama aðferð er notuð til að meta fjölda gistaða erlendra ferðamanna sem ekki er greitt fyrir sérstaklega, þ.e. fyrir nætur sem sofið er í bílum og hjólhýsum



utan gjaldskyldra tjaldsvæða, við húsaskipti, hjá vinum og ættingjum og gegnum gistimiðlun þar sem ekki er gert ráð fyrir greiðslu vegna gistingar.

Til að áætla heildarfjölda gistinátta sem greitt er fyrir í gegnum miðlunarsíður svipaðar AirBnB er fjöldi gistinátta sem íslenskir ferðamenn greiða fyrir innanlands áætlaður út frá svörum úr Ferðavenjukönnun Hagstofu Íslands. Fjöldi gistinátta er áætlaður út frá hlutfalli þeirra gistinátta sem íslenskir svarendur segjast hafa greitt fyrir gegnum AirBnB og svipaðar síður við gistingu innanlands.

### 3.3 Tölur um öryggismörk/skekkjumælingar

Ekki verða áætluð skekkjumörk fyrir þessar hagtölur.

## 4. Samanburður

### 4.1 Samanburðarhæfi milli tímabila

Tölur fyrir hótél og gistiheimili eru vel samanburðarhæfar milli ára allt frá því gistináttatalningin hófst. Þó verður að geta þess að árið 1995 voru gistaðir með 8 herbergi og fleiri og/eða 16 rúm og fleiri færðir úr flokki bændagistaða í flokk hótela og gistiheimila. Minni staðirnir fóru í flokk heimagistaða. Þessi breyting varð til þess að gistinætur yfir sumarmánuðina 1995 voru nokkuð fleiri en ella hefði verið. Þessi breyting hafði lítil áhrif aðra mánuði ársins.

Með tilkomu orlofshúsabyggða, þar sem orlofshús eða smáhýsi eru 3 eða fleiri, voru þeir staðir fluttir úr flokki heimagistaða í nýjan flokk, orlofshúsabyggðir, árið 1996.

Árið 1994 var gerð gangskör að betri innheimtu skýrsla í flokki heimagistaða sem skýrir mikla aukningu gistinátta milli árana 1994 og 1995. Áður hafði ekki verið áætlað á heimagistaði sem ekki skiluðu gistiskýrslum.

Vesturland, Vestfirðir og Suðurnes voru talin saman fram til 2007. Frá og með 2007 er Suðurnes talið sér en Vesturland og Vestfirði áfram talið saman.

Árið 2013 varð gerð sú breyting í þjóðernaflokkun að ekki var lengur boðið upp á að skila inn óþekktu þjóðerni. Einnig var fleiri þjóðernum bætt í listann sem ekki höfðu verið áður.

Við sameiningar sveitarfélaga eiga sveitarfélög það til að færast milli landsvæða. Í þeim tilvikum eru gistináttatölur leiðréttar aftur í tímann til að halda tímalínu sveitarfélagsins og landsvæðisins.

### 4.2 Samanburður við aðrar hagtölur

Afkoma fyrirtækja eftir atvinnugreinum:

<https://www.hagstofa.is/talnaefni/atvinnuvegir/fyrirtaeki/afkoma-fyrirtaekja/>

Hagvísar í ferðaþjónustu: <https://www.hagstofa.is/talnaefni/atvinnuvegir/ferdathjonusta/hagvisar-i-ferdathjonustu/>

## 4.3 Samband milli bráðabirgðatalna og lokatalna

Venjulega er ekki mikill munur á bráðabirgðatölum og lokatölum þegar litið er á tölur fyrir landið allt eða höfuðborgarsvæðið. Meiri munur kann að verða á einstökum landsvæðum. Fæð gististaða á landsbyggðinni gerir það að verkum að hver staður skiptir miklu máli. Oft er erfitt að áætla þegar stórir og mikilvægir staðir skila ekki skýrslum.

# 5. Aðgangur að upplýsingum

## 5.1 Miðlunarleiðir

- Fréttir birtar á vef Hagstofunnar
- Hagtölur, efnisflokkaðar veftöflur

## 5.2 Grunnöggn; varðveisla og notkunarmöguleikar

Grunngögn eru varðveitt sem trúnaðarupplýsingar á Hagstofunni. Aðgangur að grunngögnum er bundin við þá starfsmenn Hagstofunnar sem vinna með gögnin. Sjá nánar á:

<https://hagstofa.is/thjonusta/>

Gögnin eru geymd á tölvutæku formi á Hagstofunni. Ekki er veittur aðgangur að gögnunum sjálfum, þ.e. einstökum skýrslum frá gististöðum, en unnt er að fá sérvinnslur úr gagnasafninu.

## 5.3 Skýrslur

Hér vísast í árlegt rit um gistináttatalninguna, Gistiskýrslur.

## 5.4 Aðrar upplýsingar

Frekari upplýsingar má fá hjá Fyrirtækjasviði Hagstofu.